


# Náttúru- og umhverfislæsi

Náttúran er sameign okkar allra og er því mikilvægt að huga vel að henni til þess að tryggja aðgengi komandi kynslóða.

Á frístundaheimilinu okkar fáum við tækifæri til að læra um náttúruna í náttúrunni í gegnum leiki, með því að sjá, snerta og upplifa. Í útiveru eflast tengsl okkar við umhverfið og skilningur á náttúru eykst svo við lærum að bera virðingu fyrir henni.

Það er hægt að efla náttúru- og umhverfislæsi með ýmsum aðferðum til þess að hjálpa okkur að hugsa vel um náttúruna okkar og stuðla að náttúruvernd.



Frístundalæsi